


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>LKN-1S24</b> <b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1		

<b>Kennari</b>	Guðrún Ásta Guðjónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	GÁS
	Svanhildur Daníelsdóttir		SVA
	Svanlaugur Jónasson		SVJ

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er leitast við að styrkja nemandann sem einstakling, námsmann og að styrkja virkni hans í hópnum. Lögð er áhersla á styrkja samkennd nemenda, efla tjáningarhæfni, sjálfstraust og öryggiskennd þeirra í og utan skóla. Unnið er með skólareglur, umgengni, námsvenjur og annað sem snýr að veru nemandans í VMA. Fjallað um mikilvægi þess að taka ábyrgð á náminu, hegðun, mætingum, neyslumynstri, fjármálum og almennri samfélagsþátttöku. Nemendur halda dagbók þar sem þeir skrásetja og leggja mat á það sem gert er í tímum.

**Markmið:** Að nemendur eflist að sjálfstrausti og áræðni til þess að takast á við viðfangsefni daglegs lífs. Að nemendur geri sér grein fyrir að það sé á ábyrgð hvers og eins hvað við gerum.

**Námsgögn:** Ýmis verkefni og gögn frá skólanum um námsval og fleira. Ýmsar upplýsingar af netinu. Gestafyrirlesarar.

#### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
Öll önnin	Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.	Ýmis verkefni t.d. hvernig góð vinnubrögð við nám geta verið. Dagbók.
Dreift um önnina	Heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni.	Verkefni tengd fyrirlestrum. Dagbók.
Eftir miðja önn.	Námsval. Nemendur vinna í að velja sér áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara.	Valblað og verkefni um námsval. Dagbók.

**Verkefni:** Ýmis verkefni frá kennurum

**Námsmat og vægi námsþátta:** Mæting 50%, Mappa 50%. - áfanginn er staðinn eða fallinn **S/F**

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils